

Sunnudagur 23. júlí

DV



SJÓNVARPIÐ

- 17.50 **Sunnudagshugvekja.** Þórunn Magna Magnúsdóttir leikari flytur.
- 18.00 **Sumarglugginn.** Umsjón Arný Jóhannsdóttir.
- 18.50 **Táknmalstréttir.**
- 19.00 **Shelley** (The Return of Shelley). Breskur gamanmyndaflokkur um hrakfallabálinn vinnufælna sem skemmti sjónvarpsáhorfendum fyrir nokkrum árum. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
- 19.30 **Kastljós á sunnudegi.** Fréttir og fréttaskýringar.
- 20.35 **Fjarkinn.** Dregið úr innsendum miðum í happrætti Fjarkans.
- 20.40 **Ugluspegill.** Kvenmannslaus í kulda og trekki. Umsjón Helga Thorberg.
- 21.15 **Vatnsleysuvelðið** (Dirtwater Dynasty). Lokapáttur. Ástralskur myndaflokkur í tíu þáttum. Leikstjóri Michael Jenkins. Aðalhlutverk Hugo Weaving, Victoria Longley, Judy Morris, Steve Jacobs og Dennis Miller. Þýðandi Jóhanna Bránsdóttir.
- 22.05 **Jerry Lee Lewis** (Jerry Lee Lewis: I Am What I Am). Kanadísk heimildamynd um rokkarann og goðsögnina Jerry Lee Lewis. Þýðandi Yrr Bertelsdóttir.
- 23.25 **Útvarpsfréttir í dagskrálok.**



- 9.00 **Alli og ikomamir.** Teiknimynd.
- 9.25 **Latíð Lokkarpúð.** Falleg teiknimynd.
- 9.35 **Litli folinn og félagar.** Falleg og vönduð teiknimynd með íslensku tali.
- 10.00 **Selurinn Snorri.** Teiknimynd með íslensku tali.
- 10.15 **Funi.** Teiknimynd um litlu stúlkuna Söru og hestinn Funa.
- 10.40 **Þrumukettir.** Teiknimynd.
- 11.05 **Kónguldarmaðurinn.** Teiknimynd.
- 11.25 **Tinna.** Bráðskemmtileg leikin barnamynd.
- 11.50 **Albert félt.** Skemmtileg teiknimynd með Albert og öllum vinum hans.
- 12.15 **Óháða rokkið.** Hljómsveitin vinsæla Cure kemur fram í þessum þætti.
- 14.10 **Mannslíkaminn.** Living Body. Einstaklega vandaðir þættir um mannslíkamann. Endurtekkið.
- 14.40 **Stríðsvindar.** North and South. Endursýnd stórkostleg framhaldsmynd sem byggð er á met-söluþóku Johns Jake. Fimmti hluti af sex. Aðalhlutverk Kristie Alley, David Carradine, Philip Casnoff, Mary Crosby og Lesley-Ann Down.
- 16.10 **Framtíðarsýn.** Beyond 2000. Ötrúlegustu hugleiðingar um hvað framtíðin gæti borið í skauti sér.
- 17.05 **Sovétríkin í dag.** Þórir Guðmundsson fór til Sovétríkjanna snemma á þessu ári og kom víða víð þar í landi. Hann fylgdist grannit með sjálfstæðisbaráttu Eistlendinga en eitt sinn töldust Ísland og Eistland vera sama ríkið. Það var þegar bæði löndin heyrðu dönsku krúnunni til. Við höfum nú heimt sjálfstæðið okkar en sömu sögu er ekki að segja af Eistlendingum. Einnig heimssótti Þórir Kænugarð en þar var, eins og marga rekur ef til vill minni til, rússneska ríkið stofnað. Kænugarður er einnig fæðingarskaður rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar en Þórir heimsótti þar klaustur og hitti ábóta að máli. Einnig fór Þórir til bæjarins Lenínakan í Armeníu og fylgdist með uppbyggingu þar eftir skjálftana miklu í desember síðastliðnum. Þá hitti Þórir heimamenn víðs vegar um Sovétríkin og ræddi við þá um framgang umbótastefnu Gorbatsjovs og átti meðal annars viðtal við forseta Úkraínu. Þessi þáttur er settur saman úr stuttum innskotum er sýnd voru í 1919 snemma á þessu ári og hafa ekki verið sýnd í heild sinni áður.
- 18.00 **Golf.** Sýnt verður frá alþjóðlegum störmótum. Umsjón: Björgulfr Lúðvíksson.
- 19.19 **1919.** Fréttir, íþróttir, veður og frískleg umfjöllun um málefni liðandi stundar.



PURRUKLUBBLÖÐIN VERÐA AÐ VERA ÓSKEMMD

og þau þarf að hreinsa reglulega. Slitin þurrklubblöð margfalda áhættu í umferðinni.



- 20.00 **Svaðillfarir í Suðurhöfum.** Tales of the Gold Monkey. Ævintýralegur og spennandi framhaldsmyndaflokkur fyrir alla fjölskylduna. Aðalhlutverk Stephen Collins, Caitlin O'Heaney, Roddy McDonwall og Jeff Mackay.
- 20.55 **Lagt í ann.** Sigmundur Erri gengur að Glym í Botnsdal og nýtur einstæðrar náttúruferðar.
- 21.25 **Max Headroom.** Kveður að sinni.
- 22.15 **Að tjaldabaki.** Backstage. Meiri háttar þáttur æum allt það nýjasta sem er að gerast í ævintýraheimi kvikmyndanna og fræga fólksins. Fylgist þú með? Kynnir: Jennifer Nelson.
- 22.40 **Verðir laganna.** Hill Street Blues. Spennuþáttur um líf og störf á lögreglustöð í Bandaríkjunum. Aðalhlutverk: Michael Conrad, Daniel Travanti og Veronica Hamel.
- 23.25 **Silkwood.** Þessi mynd er byggð á sannsögulegum atvörðum. Karen Silkwood lést á voveiflegan hátt í bílsýsi árið 1974. Sýsið þótti koma á einkar heppilegum tíma fyrir atvinnuveitendur hennar. Karen hafði verið ötul í að reyna að svipta hulunni af mjög slæmu öryggisástandi kjarnorkuversins sem hún vann hjá. Aðalhlutverk: Meryl Streep, Kurt Russell og Cher.



Rás 1
FM 92.4/93.5

- 7.45 **Útvarp Reykjavíkur,** góðan dag.
- 7.50 **Morgunandakt.** Séra Ingiberg J. Hannesson prófastur á Hvoli í Saurbæ flytur ritningarorð og bæn.
- 8.00 **Fréttir.** Dagskrá.
- 8.15 **Veðurfregnir.** Tónlist.
- 8.30 **A sunnudagsmorgni** með Guðmundi Einarssyni líffræðingi. Bernharður Guðmundsson ræðir við hann um guðspjall dagsins. Lúkas 16, 1-9.
- 9.00 **Fréttir.**
- 9.03 **Tónlist á sunnudagsmorgni** – Händel, Rosenmüller, Hummel og Mozart.
- 10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 10.25 **„Það er svo margt ef að er gæð...“** Ólafur H. Torfason og gestir hans ræða um Jónas Hallgrímsson náttúrufræðing og skáld.
- 11.00 **Norran messa í Hóladómkirkju.** Séra Sigurður Guðmundsson vigslubiskup þjónar fyrir altari. Guðrún Ásmundsdóttir leikkona prédikar. Kórar Hóla- og Viðvíkursókna leiða söng. Organisti: Rögnvaldur Valbergsson. Karakórinn Heimir syngur stólvers; Stefán Gíslason stjórna.
- 12.10 **Dagskrá.**
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
- 13.30 **Fram til orustu,** ættjarðarníðjar.... Dagskrá í telfni 200 ára afmælis frönsku byltingarinnar í samantekt Ragheiðar Gyðu Jónsdóttur. (Síðari þáttur.)
- 14.30 **Með sunnudagskaffinu.** Sigild tónlist af léttara taginu.
- 15.10 **Í góðu tómi** með Hönnu G. Sigurðardóttur.
- 16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.
- 16.15 **Veðurfregnir.**
- 16.20 **Með mannabein í maganum.** Jónas Jónasson um borð í varðskipinu Tý. (Einnig útvarpað næsta þriðjudag kl. 15.03.)
- 17.00 **Sumartónleikar í Skálholti laugardaginn 15. júlí.** Ann Wallström og Helga Ingólfssdóttir leika á barokkfíðlu og sembl sonötur í G-dúr, c-moll og E-dúr eftir Jóhann Sebastian Bach. Kynnir: Hákon Leifsson. (Hljóðritun Útvarpsins.)
- 18.00 **Út í hött** með Illuga Jökulssyni.
- 18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.30 **Tilkynningar.**
- 19.31 **Söngleikar.** Tónleikar í telfni af 50 ára afmæli Landssambands blandaðra kóra, 5. nóvember í fyrra. Annar hluti af fimmi: Háskólaakórinn, Kór Fjölbrotaskóla Suðurlands og Samkór Selfoss syngja. Kynnir: Anna Ingólfssdóttir.
- 20.00 **Sagan:** Ört rennur æskublóð eftir Guðjón Sveinsson. Pétur Már Halldórsson les. (6.)
- 20.30 **Íslensk tónlist.** – Spjótalög eftir Anna Harðarson. Háskólaakórinn syngur; Árni Harðarson stjórna. – Notturmo IV eftir Jónas Tómasson. Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur; Jean Pierre Jacquillat stjórna. – Canto eftir Hjalmar H. Ragnarsson. Háskólaakórinn syngur, Kjartan Ólafsson leikur með á hljóðgervil; Hjalmar H. Ragnarsson stjórna. – Bláa ljósið eftir Áskel Másson. Manuela Wiesler og Jósef Magnússon leika á flautur, Roger Carlson og Reynir Sigurðsson á ásláttarhljóðfæri.
- 21.10 **Kviksjá.** Umsjón: Freyr Þor-móðsson og Ragnheiður Gyða Jónsdóttir. (Endurtekinn þáttur frá fimmtudegi.)

- 21.30 **Útvarpsagan:** Þættir úr ævisögu Knuts Hamsuns eftir Thor-kild Hansen. Kjartan Ragnars þýddi. Sveinn Skorri Hóskuldsson les lokalestur. (6.)
- 22.00 **Fréttir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
- 22.15 **Veðurfregnir.**
- 22.20 **Harmonikupáttur.** Umsjón: Högni Jónsson. (Einnig útvarpað á miðvikudag kl. 14.05.)
- 23.00 **Mynd af orörora** – Nina Björk Arnadóttir. Friðrik Rafnsson ræðir við rithöfundinn um skáldskap.
- 24.00 **Fréttir.**
- 0.10 **Sigild tónlist í helgarlok eftir Joseph Haydn.** – Sónata í c-moll. Andrés Schiffr leikur á pianó. – Sellókonert í C-dúr. Mstislav Rostropovich leikur á selló með St.-Martin-in-the-Fields hljómsveitinni.
- 1.00 **Veðurfregnir.**
- 1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**



- 8.10 **Áfram Ísland.**
- 9.03 **Sunnudagsmorgunn með Svavari Gests.** Sigild dægurlög, fróðleiksmolar, spurningaleikur og leitað fanga í segulbandasafni Útvarpsins.
- 11.00 **Úrval.** Úr dægurmálaútvarpi vikunnar á Rás 2. Umsjón: Sverrir Gauti Diego.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Tónlist.** Auglýsingar.
- 13.00 **Paul McCartney og tónlist hans.** Attundi þáttur. Skúli Helgason fjallar um tónlistarferil Paul McCartney í tali og tónum. Þættirnir eru byggðir á nýjum viðtölum við McCartney frá breska útvarpinu BBC. (Einnig útvarpað aðfaranótt föstudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
- 14.00 **Í sólskinsskapi.** – Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir.
- 16.05 **Söngleikir í New York** – Sweeney Todd eftir Stephen Sondheim. Árni Blandon kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt fimmtudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
- 17.00 **Tengja.** Kristján Sigurjónsson tengir saman lög úr ýmsum áttum. (Frá Akureyri)
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.31 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 20.30 **Í ljósinu.** Bandarísk sveitartónlist.
- 21.30 **Kvöldtónar.**
- 22.07 **Á elleftu stundu.** Anna Björk Birgisdóttir í helgarlok.
- 2.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

NÆTURÚTVARP

- 1.00 **Blítt og létt....** Eva Ásrún Albertsdóttir. (Einnig útvarpað í bitíð kl. 6.01.)
- 2.00 **Fréttir.**
- 2.05 **Djassþáttur.** – Jón Múli Árnason. (Endurtekinn frá miðvikudagskvöldi á Rás 1.)
- 3.00 **Rómantíski robótinn.**
- 4.00 **Fréttir.**
- 4.05 **Næturnótur.**
- 4.30 **Veðurfregnir.**
- 4.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá föstudegi á Rás 1 kl. 18.10.)
- 5.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
- 5.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 6.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
- 6.01 **Blítt og létt....** Endurtekinn sjómannapáttur Evu Ásrúnar Albertsdóttur á nýrri vakt.



- 9.00 **Haraldur Gíslason.** Hrifandi morguntónlist sem þessi morgunglaði dagskrárgerðarmaður sér um að raða undir nálna. Fórum snemma á fætur með Harðsóna Halla!
- 13.00 **Ólafur Már Björnsson.** Þægileg tónlist er ómissandi hluti af helgarsterningunni og Ólafur Már kann sitt fag.
- 18.00 **Kristófer Helgason.** Helgin senn úti og virku dagarinn framundan. Góð og þægileg tónlist í helgarlokin. Ómissandi við útgirillíð!
- 19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Góð tónlist.
- 20.00 **Pla Hansson** leikur nýja tónlist og hefur ofan af fyrir hlustendum.
- 24.00 **Næturdagskrá.**



- 9.00 **Sigurður Helgi Hlökkversson.** Fjörvið tónlist. Skínandi góð morgun.

- unlög sem koma öllum hlustendum í gott skap og fram úr rúminu.
- 14.00 **Kjartan „Daddi“ Guðbergsson.** leikur hressa og skemmtilega tónlist, bæði nýja og gamla.
- 17.00 **Sagan á bak við lögin.** Þáttaröð í umsjón Helgu Tryggvadóttur og Þorgeirs Ástvaldssonar.
- 18.00 **Kristófer Helgason.** Helgin senn úti og virku dagarinn framundan. Góð og þægileg tónlist í helgarlokin.
- 24.00 **Næstur stjórna.**



- 10.00 **Sigildur sunnudagur.** Leikin klassísk tónlist.
- 12.00 **Jazz & blús.**
- 13.00 **Program.** Tónlistarþáttur í umsjá Sigurðar Ivarssonar. Nýtt rokk úr öllum heimsálfum.
- 15.00 **Poppmessa í G-dúr.** Umsjón: Jens Kr. Guð.
- 17.00 **Ferill og „FAN“.** Baldur Bragason fær til sín gesti sem gera upphaldshljómsveit sinni góð skil.
- 19.00 **Guirót.** Guðlaugur Harðarson.
- 20.00 **Það erum við.** Unglingapáttur í umsjá Dags og Daða.
- 21.00 **Múrverk.** Tónlistarþáttur í umsjá Árna Kristinssonar.
- 23.30 **Rótarðraugar.**
- 24.00 **Næturvakt.**



- 7.00 **Stefán Baxter.** „Ó-þunnur“.
- 12.00 **Ásgeir Tómasson.**
- 15.00 **Felix Bergsson.**
- 18.00 **Klemens Árnason.**
- 22.00 **Sigurður Ragnarsson.**
- 1.00 **Páll Sævar Guðnason.**



- 4.30 **Fugl Baileys.** Ævintýraseria.
- 5.00 **The Hour of Power.** Trúarþáttur
- 6.00 **Gríníðjan.** Barnaefni.
- 10.00 **Íþróttapáttur.** Kappakstur.
- 11.30 **Tiskupáttur.**
- 12.00 **Grammy verðlaunin.**
- 13.30 **Elton John.** Tónlistarþáttur.
- 14.00 **Beyond 2000.** Vísindapáttur.
- 15.00 **Big Valley.** Vestrapáttur.
- 16.00 **Joannie Loves Chachi.** Gamanþáttur.
- 16.30 **Eight Is Enough.** Gamanþáttur.
- 17.30 **Fantasy Island.** Ævintýrapáttur.
- 18.30 **Family Ties.** Gamanþáttur.
- 19.30 **Bus Stop.** Kvikmynd.
- 21.30 **Entertainment This Week.** Fréttir úr skemmtanaíðnaðinum.
- 22.30 **Poppþáttur.**



- 15.00 **The Lost World of Sinbad.**
- 17.00 **The Perfect Match.**
- 19.00 **Chariots of Fire.**
- 21.05 **Bad Boys.**
- 23.10 **Unholy Rollers.**
- 00.40 **Final Chapter – Walking Tall.**



- 9.30 **Golf.** British Open.
- 12.00 **Hjólreiðar.** Tour de France.
- 14.00 **Trans World Sports.** Íþróttarfréttir.
- 15.00 **Surfer Magazine.** Brimbretta-keppni á Hawaii.
- 15.30 **Eurosport Menu.**
- 16.00 **Golf.** British Open.
- 17.00 **Knattspyrna.** Evrópumót eldri en 34 ára.
- 19.00 **Hjólreiðar.** Tour de France.
- 19.30 **Golf.** British Open.
- 21.30 **Knattspyrna.** Evrópumót eldri en 34 ára.
- 22.30 **Hjólreiðar.** Tour de France.



- 5.00 **Teiknimyndir.**
- 9.00 **Evrópulistinn.** Poppþáttur.
- 10.00 **Tiskupáttur.**
- 10.30 **Heimildarmynd.**
- 11.00 **Trúarþáttur.**
- 11.30 **Blake's Seven.** Vísindaskáldskapur.
- 12.30 **Salvage One.** Gamanþáttur.
- 13.30 **Óákveðið efni.**
- 13.45 **Tónlist og tiska.**
- 15.30 **Verðöldin á morgun.**
- 16.00 **European Business Weekly.** Viðskiptapáttur.
- 16.30 **Roving Report.** Fréttaskýringaþáttur
- 17.00 **Poppþáttur.**
- 18.00 **Breski vinnsealdalastinn.**
- 19.00 **Shoestring.** Sakamálapáttur.
- 20.00 **Bastille.** Kvikmynd.
- 22.30 **Tiska og tónlist.**

Rás 1 kl. 20.00:

Ört rennur æskublóð

– eftir Guðjón Sveinsson

Logi, aðalsögupersónan í bókinni, hefur lokið skyldunámsprófi með ágætum en getur ekki gert upp við sig hvað hann vill taka sér fyrir hendur. Faðir hans, sem er sterkur persónuleiki, vill að hann haldi áfram námi, taki landspróf og fari síðan í menntaskóla. Það verða átök á milli feðganna, Logi fer á sjóinn þrátt fyrir mótmæli föður síns. Þar mætir honum harður heimur og Logi lærir fljótt í skóla reynslunnar. Sagan er spennandi og skemmtileg og lýsir vel daglegum störfum um borð í bátum sem Logi er á.

Höfundurinn, Guðjón Sveinsson, hefur skrifað fjölda bóka fyrir börn og unglinga og margar þeirra hafa verið lesnar í útvarpinu.

Pétur Már Halldórsson les söguna.

-J.Mar



Næstsíðasti þátturinn í röðinni Söngleikir í New York er á dagskrá í dag.

Rás 2 kl. 16.05:

Söngleikir í New York

Söngleikir í New York verða á dagskrá í dag. Árni Blandon kynnir verk Stephen Sondheims og Sweeney Todd. Þetta er gamansöm hryllingssaga sem fjallar um rakara sem ákveður að beita hníf sínum á háls viðskiptavina sinna með þeim afeiðingum að þeir eigi ekki afturkæmt úr rakarastólum. Rakarinn leikur og syngur Len Cariou en samstarfskonu hans leikur Angela Lansbury. Verkið vann 8 Tony verðlaun þegar það var fyrst sett á svið 1979. Það var borgaróperan í New York, í Lincoln Center, sem setti verkið upp síðastliðinn vetur.



Arný Jóhannsdóttir.

Sjónvarp kl. 18.00:

Sumarglugginn

Sumarglugginn heldur áfram að sýna frá Tommamótinu í Vestmannaeyjum í dag. Það var einstaklega vel heppnað mót og mikil ánægja ríkti meðal keppenda, aðstandenda, starfsfólks og áhorfenda. Þá verða einnig sýndar nokkrar teiknimyndir, meðal þeirra eru Litla vélmenníð, Kubbaleikur, Tuskuðúkkurnar og Bangsi litli.

Umsjónarmaður er Arný Jóhannsdóttir og stjórn upptöku annaðist Eggert Gunnarsson.

Stöð 2 kl. 17.10:

Sovétríkin í dag

Þórir Guðmundsson fór til Sovétríkjanna á þessu ári og kom víða víð þar í landi. Hann fylgdist grannit með sjálfstæðisbaráttu Eystlendinga en eitt sinn töldust Íslendingar og Eystlendingar vera sama ríkið. Það var þegar bæði löndin tilheyrðu dönsku krúnunni. Við höfum nú endurheimt sjálfstæði okkar en sömu sögu er ekki að segja um Eystlendinga. Einnig heimsótti Þórir Kænugarð en þar var, eins og marga rekur ef til vill minni til, rússneska ríkið stofnað. Kænugarður er einnig fæðingarskaður rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar en Þórir heimsótti klaustur og hitti ábóta að máli. Einnig fór Þórir til bæjarins Lenínangiu í Armeníu og fylgdist með uppbyggingunni þar eftir jarðskjálftana miklu í desember síðastliðnum. Þá hitti Þórir staðarmenn víðs vegar um Sovétríkin og ræddi við þá um framgang umbótastefnu Gorbatsjovs og átti meðal annarra viðtal við forseta Úkraínu.